



Reykjavíkurborg
þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 05. janúar 2021
Tilvísun í mál: ÞON21010007
ÞON
ÞS

Til borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokksins um raddtón hönnunarkerfis borgarinnar á reykjavik.is - R20110043

Vísað er til bréfs, dagsett þann 1. desember 2020, þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvað sé átt við þegar talað sé um raddtón stafræna hönnunarkerfis borgarinnar í svari við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands frá 5. nóvember um þýðingar á vef borgarinnar.

Virðingarfyllst,

Þröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur

Hjálagt er svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokksins.



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 05. janúar 2021
Tilvísun í mál: ÞON21010007
ÞON

Svar

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Þröstur Sigurðsson, skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur og Ólafur Sólímenn Helgason, teymisstjóri vefteymis Stafrænnar Reykjavíkur.

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokksins um raddtón hönnunarkerfis borgarinnar á reykjavik.is

Þann 26. nóvember 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokksins fram í borgarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Hvað er átt við þegar talað er um „raddtón stafræna hönnunarkerfis borgarinnar.“? Hér er sérstaklega spurt út í hvað „raddtónn“ þýðir í þessu samhengi en það kom fram í svari við fyrirspurn Sósíalistaflokks Íslands um þýðingar á vef borgarinnar. Er átt við þýðingar þar sem tölvan les upp þýðinguna?

Fyrirspurninni var vísað til Þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Svar við fyrirspurn:

Rödd eða raddtónn er þekkt hugtak í textasmíði. Með rödd eða raddtón er ekki verið að vísa í eiginlega merkinu orðsins rödd sem hljómar þegar e-r hefur upp raust sína eins og í upplestri heldur er frekar verið að vísa í ákveðna myndhverfingu. Með hugtakinu raddtón (*e. tone of voice*) í stafræna hönnunarkerfinu er því til einföldunar átt við rödd Reykjavíkurborgar.

Rödd Reykjavíkurborgar er samansafn af einföldum reglum og góðum venjum við textaskrif og uppsetningu sem ákvarða hvernig stofnunin Reykjavíkurborg hljómar eða kemur fram á stafrænum miðlum og í samskiptum við notendur. Þar er átt við blæbrigði, sértæk orðanotkun og jafnvel ákveðin persónueinkenni.

Við hönnun á rödd Reykjavíkur var lagt upp með að skilaboð textans væru skýr og skiljanleg, vingarleg og traust. Mikilvægt er að þær reglur, viðmið og gildi sem hún tilgreinir séu höfð til hliðsjónar við allar þýðingar.

Lesið má frekar um röddina og reglurnar og viðmiðin í stafræna hönnunarkerfinu á vefslóðinni:
design.reykjavik.is

Virðingarfyllst,



Þröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur

&



Ólafur Sólimann Helgason,
teymisstjóri vefteymis Stafrænnar Reykjavíkur